

Vinnutímastytting hjá verzlunarmönnum

Þing Landssambands Íslenskra verzlunarmanna 18.-19. október 2019



VR

Af hverju stytting?



- ▷ Vinnutíminn á Íslandi er lengri en í nágrannalöndum okkar og eru afleiðingarn langsg vinnutíma farnar að sjást í aukningu í álagstengdum sjúkdómum.
- ▷ Í könnun meðal félagsmanna VR var stytting vinnutímans efst á blaði yfir kröfur í síðustu kjarasamningum.
- ▷ Markmið með styttingu vinnutímans í kjarasamningi er að stytta viðveru á vinnustað eða vinnutímann í raun til að félagsmenn geti notið frítíma síns betur og samveru með fjölskyldu og ástvinum.

Texti í kjarasamningi



Ný grein 2.1.11. Framkvæmd vinnutímastyttingar.

Vinnutímastytting tekur gildi 1. janúar 2020. Atvinnurekendur skulu hafa samráð við launamenn um tillögu að útfærslu vinnutímastyttingar á grundvelli eftirfarandi valkosta:

- a) Hver dagur styttest um 9 mínútur
- b) Hver vika styttest um 45 mínútur
- c) Safnað upp innan ársins
- d) Vinnutímastyttingu með öðrum hætti

Samkomulag skal hafa náðst um framkvæmd vinnutímastyttingar fyrir 1. desember 2019. Ef samkomulag næst ekki styttest vinnutími um 9 mínútur á dag miðað við fullt starf.

Atvinnurekanda er heimilt vegna skipulags og nauðsynlegrar samræmingar á vinnustað að tilkynna starfsmanni með a.m.k. mánaðar fyrirvara um breytt fyrirkomulag vinnutímastyttingar.

Dæmi um útfærslu - dagvinna



- A. Starfsmaður styttir vinnudaginn um 9 mínútur á hverjum degi og fer heim fyrr sem því nemur
- B. Starfsmaður safnar styttingunni saman til að taka hana út t.d. vikulega, á 2ja vikna fresti, mánaðarlega eða safnar upp yfir lengra tímabil. Hann vinnur áfram sama vinnudag
- C. Starfsmaður getur ekki stytt daglega viðveru sína á vinnustaðnum eða safnað styttingunni. Hann vinnur því áfram sama vinnudag og nú en fær **greidda yfirvinnu** fyrir 9 mínútur á dag.

Hver er styttingin?



- ▷ 9 mínútur á dag
- ▷ 45 mínútur á viku
- ▷ 1 klst. og 30 mínútur á tveggja vikna fresti
- ▷ 2 klst. og 15 mínútur á þriggja vikna fresti
- ▷ 3 klst. á fjögurra vikna fresti
- ▷ 3 klst. og 15 mínútur á mánuði (m.v. meðallengd mán á ári)
- ▷ 19 klst. og 30 mínútur á 6 mánaða tímabili (2,65 dagar skrifstofa/2,52 dagar í verslun)
- ▷ 35 klst. og 33 mínútur á ári (4,84 dagar á skrifstofu/4,59 dagar í verslun)

- ▷ **Samið var um nýjar / breytingar á deilitölum**

160 verður 159,27

170 verður 167,94

Starfsmaður í verslun



- ▷ Uppsafnaða tíma hvernig sem þeir eru safnaðir skal deila með 7,75 (7 klst og 45 mínútur) sem er nýja viðmiðið fyrir 100% dagvinnu á dag m.t.t. kaffitíma
- ▷ Allir eiga rétt á að fá styttingu vinnutíma
- ▷ Líka þeir sem eru í hlutastarfi.
- ▷ Miðað er við að starfsmaður í fullu starfi fái á mánuði 3,25 eða 3 klst. og 15 mínútna styttingu.
- ▷ Hlutastörf geta verið mismunandi s.s. eins og unnið 100% 4 daga í viku. Þá er uppsöfnunin 9 mínútur þessa 4 daga.
- ▷ Starfsmaður getur einnig verið að vinna 6,4 kls. á dag / 7,9 þ.e. 81% starfshlutfall dreift jafnt á alla daga. Hann á rétt á hlutfallslegri styttingu 81% af 9 mínútum á dag eða 7,29 mínútum á dag eða um 36,45 mínútur á viku.

Stytting, kaffitímar felldir niður



Ef kaffitímar eru felldir niður er hægt að stytta vinnutíma starfsmanna meira eða sem hér segir:

- ▷ 15 mínútur á dag á skrifstofu
- ▷ 35 mínútur á dag í verslun
- ▷ 1 klst. og 15 mínútur á viku á skrifstofu
- ▷ 2klst. og 55 mínútur á viku í verslun
- ▷ 5 klst. og 25 mínútur á mánuði á skrifstofu
- ▷ 12 klst. og 35 mínútur á mánuði í verslun
- ▷ Um 59,25 klst. á ári eða 8 daga á skrifstofu
- ▷ Um 137,52 klst. á ári eða 17,75 dagar í verslun